



Selfoss 24. maí 2019.

Bæjarráð Árborgar
Vt. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri
og Bragi Bjarnason, menningar- og frístundafulltrúi.
Ráðhúsinu
Austurvegi 2
800 Selfoss

Efni:

Aðkoma Sveitarfélagsins Árborgar að 30. ára afmæli Kvennahlaups ÍSÍ 15. júní

Laugardaginn 15. júní n.k. verður hið árlega Kvennahlaup ÍSÍ og er þetta í 30. skiptið sem kvennahlaupið fer fram.

Á Selfossi hefur Kvenfélag Selfoss séð um Kvennahlaupið frá því fyrir síðustu aldamót, skipulagt undirbúning og framkvæmd hlaupsins.

Kvenfélagið hefur lagt metnað sinn í að hafa umgjörð hlaupsins ekki síðri en í öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni.

1. Kvenfélag Selfoss fer þess á leit við bæjarstjórnann að hann ávarpi þátttakendur í upphafi hlaupsins þar sem þetta er 30. Kvennahlaupið á Íslandi, en það hefst 15. júní kl. 11 við verslun BYKÓ.
2. Einnig er óskað eftir því að þátttakendur í Kvennahlaupinu fái frítt í Sundhöll Selfoss laugardaginn 15. júní, en þetta er gert víða um land sem stuðningur er við almenningsíþróttir og hefur verið hér á Selfossi s.l. 17 ár.
3. Félagið óskar eftir að fá að merkja hlaupaleiðirnar með krítarspreyi sem söluaðili fullyrðir að skolist af öllu yfirborði og dregur ekki í sig vökva. Meðfylgjandi er kort af hlaupaleiðum.

Kvenfélagið þakkar stuðning sveitarfélagsins við framkvæmd Kvennahlaupsins undanfarin ár.

Með kveðju og ósk um jákvæðar undirtektir.

F.h. Kvenfélags Selfoss

Anný Björk Guðmundsdóttir